



# Efning starfsmenntunar

---

Könnun meðal verkafólks á Austurlandi

Tinna Halldórsdóttir  
Júní 2013

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum könnunar sem gerð var meðal verkafólks í nokkrum fyrirtækjum á Austurlandi. Könnunin var gerð til að kanna áhuga þessa hóps á námi þar sem fáir úr þessum hópi skila sér í þær símenntunarleiðir eða námskeið sem haldin eru.

## Efnisyfirlit

Framkvæmd .....	3
Bakgrunnsupplýsingar .....	3
Áhugi .....	4
Náms og starfsráðgjöf .....	6
Fyrirkomulag og kostnaður .....	6
Námlegar hindranir eða aðrar hindranir .....	7
Niðurstaða og samantekt .....	8
Næstu skref .....	9
Viðauki - Símakönnun – spurningalisti - svarlykill .....	10

## Töflur og myndir

MYND 1. STARFSALDUR HJÁ FYRIRTÆKI.....	4
MYND 2. ÖNNUM LOKIÐ Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI.....	4
TAFLA 1. ÁHUGI Á NÁMI .....	5
TAFLA 2. ÁHUGI Á EINSTÖKUM NÁMSLEIÐUM .....	5
TAFLA 3. ÁHUGI Á NÁMI Á FRAMHALDS- OG HÁSKÓLASTIGI .....	5
TAFLA 4. LÍKUR Á AÐ FARA Í NÁM EÐA SÆKJA NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI .....	6
MYND 3. ÁHUGI Á NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF .....	6
MYND 4. KOSTNAÐUR.....	7
TAFLA 4. HINDRANIR.....	7

## Skýrsla um könnun á eflingu starfsmenntunar

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd og niðurstöðu könnunar sem gerð var meðal verkafólks í nokkrum fyrirtækjum á Austurlandi. Könnunin var gerð í þeim tilgangi að kanna mögulegar ástæður þess að fólk, aðallega karlmenn, með litla formlega menntun skila sér lítið í símenntunarleidir eða á námskeið sem haldin eru. Markmiðið var að greina hindranir í námi og þörf fyrir nám hjá því fólki sem vinnur verkamannavinnu á Austurlandi. Könnun var ætlað að kanna hvernig þjóna mætti betur þörfum þessa hóps s.s. með styttri námsleiðum, námsráðgjöf eða öðru sem gæti hugsanlega verið áhugahvetjandi. Auk þess að kanna hvort til staðar væri raunverulegur áhugi fyrir einhvers konar námi.

### Framkvæmd


Þegar fyrir lá að styrkveiting fengist til að kanna áhuga eða áhugaleysi verkafólks á Austurlandi á námi var hafist handa við að vinna að könnun. Skipaður var verkefnisstjóri og var öllum starfsmönnum boðið að taka þátt í verkefninu ef áhugi væri fyrir hendi. Tveir starfsmenn af fræðslusviði sinntu undirbúningsvinnu ásamt verkefnastjóra. Þeirra hlutverk var að finna þátttakendur. Haft var samband við fjögur fyrirtæki í Fjarðabyggð og yfirmenn þar heimsóttir til að kynna framkvæmdina. Þessir vinnustaðir voru valdir þar sem þeir hafa í vinnu starfsfólk sem ekki þarf að hafa mikla formlega menntun til að gegna störfum sínum. Í samtölum við yfirmenn staðanna kom í ljós að vegna óreglulegs vinnutíma og fárra starfsmanna funda væri best að ná til hópsins með símakönnun. Yfirmenn vinnustaðanna útveguðu lista með nöfnum og símanúmerum starfsmanna sinna. Einn vinnustaður dró sig úr könnuninni eftir að hún var farin af stað þar sem yfirmaður þar taldi að vegna virkrar símenntunar og fræðsluáætlunar fyrirtækisins væri óþarfi að framkvæma þessa könnun meðal sinna starfsmanna.

Ákveðið var að verkefnisstjóri könnunarinnar myndi semja spurningalista og síðan myndu starfsmenn sem sinntu þessu verkefni skipta með sér listum og hringja út. Ákveðið var að bjóða þátttökuverðlaun til að hvetja til frekari þátttöku.

Eitt fyrirtæki bættist við könnunina þegar kom að því að fara að hringja út og einn starfsmaður til af fræðslusviði sem sinnti því að vera í sambandi við þetta fyrirtæki og starfsmenn til þátttöku.


### Bakgrunnsupplýsingar

Af þeim sem svöruðu könnuninni voru 31 svarenda karl og þrír svarendur konur, enginn munur var á svörum kynjanna og hlutfallið of skakkt til að draga af því ályktanir þannig að svör eru ekki kyngreind. Þátttakendur voru á aldrinum 18 til 56 ára, meðalaldur 34 ár. Meðalstarfsaldur þeirra var fremur hár en aðeins fimm þátttakendur höfðu unnið skemur en fimm ár hjá sínu fyrirtæki.



Mynd 1. Starfsaldur hjá fyrirtæki

Spurt var um menntunarstöðu; hve mörgum einingum og önnum væri lokið á framhaldsskólastigi sem og hvaða námskeiðum viðkomandi hefði lokið. Misjafnt var hvort þátttakendur gátu svarað spurningunni um fjölda eininga sem þeir höfðu lokið og því var þeirri spurningu sleppt við úrvinnslu. Að meðaltali höfðu þátttakendur lokið 2,5 önnum á framhaldsskólastigi. Alls höfðu 26 svarendur af 34 aðeins lokið 2 árum eða skemur á framhaldsskólastigi.



Mynd 2. Önnum lokið á framhaldsskólastigi

Misjafnt var hvaða námskeiðum þátttakendur höfðu lokið en skyndihjálp, vinnuvélaréttindi og meirapróf var nefnt hjá þriðjung þátttakenda. Aðrir nefndu ekki námskeið.

## Áhugi

Þátttakendur voru spurðir að því hver áhugi þeirra fyrir námi væri almennt. Einnig hvort þeir hefðu áhuga á stuttum námsleiðum eða lengri. Með stuttum námsleiðum er átt við nám sem tekur ekki meira en eina önn. Svör benda til þess að þátttakendur hafi almennt nokkurn eða mikinn áhuga á námi, þar sem 91,2% svöruðu á þann hátt. Varðandi stuttar námsleiðir þá svöruðu 88,2% þátttakenda því að þeir hefðu mikinn eða nokkurn áhuga á því að stunda nám á styttri námsleiðum.

Áhugi á lengri námsleiðum var aðeins minni en á þeim styttri eða 67,7% sem sögðust hafa nokkurn eða mikinn áhuga á þeim.

Tafla 1. Áhugi á námi

Áhugi	Á námi almennt	Á stuttum námsleiðum	Á lengri námsleiðum
Mikill	26,5%	44,1%	20,6%
Nokkur	64,7%	44,1%	47,1%
Lítill	5,9%	2,9%	14,7%
Enginn	2,9%	5,9%	14,7%

Þátttakendur voru spurðir um einstakar námsleiðir og voru nefndar fimm leiðir án þess að tiltaka neitt frekar stig námsins, lengd eða annað sértækt. Svarendum bauðst ennfremur að bæta við námi sem þeim hugnaðist að sjá boðið uppá. Enginn gerði það. Flestir, eða 73,6% höfðu mikinn eða nokkurn áhuga á einhvers konar vinnuvélanámi, 58,8% höfðu nokkurn eða mikinn áhuga á tungumálanámi. Fæstir, eða 44,1% höfðu nokkurn eða mikinn áhuga á handverksnámi. Rúmlega helmingur eða 55,9% hafði áhuga á tölvunámi og svipað hlutfall, eða 52,9% hafði nokkurn áhuga á sjálfsstyrkingarnámskeiðum.

Tafla 2. Áhugi á einstökum námsleiðum

Áhugi	Vinnuvélar	Tungumál	Handverk	Tölvunám	Sjálfsstyrking
Mikill	32,4%	20,6%	17,6%	26,5%	2,9%
Nokkur	41,2%	38,2%	26,5%	29,4%	50,0%
Lítill	5,9%	23,5%	35,3%	29,4%	26,5%
Enginn	17,6%	14,7%	17,6%	8,8%	17,6%

Áhugi þátttakenda á námi á framhalds- og háskólastigi var kannaður. Tæpur þriðjungur svarenda, eða 64,7% sagðist hafa áhuga á námi á framhaldsskólastigi. Helmingi færri eða um þriðjungur taldi sig hafa áhuga á námi á háskólastigi.

Tafla 3. Áhugi á námi á framhalds- og háskólastigi

Áhugi	Framhaldsskólastig	Háskóla stig
Mikill	20,6%	5,9%
Nokkur	44,1%	26,5%
Lítill	17,6%	26,5%
Enginn	14,7%	38,2%


Spurt var um hverjar líkurnar væru á því að viðkomandi myndi fara í nám eða sækja námskeið á næstu mánuðum til tveggja ára. Þátttakendur lýstu töluverðum áhuga á að sækja einhvers konar nám; 44,1% töldu miklar eða nokkrar líkur á að fara í nám innan árs og 55,9% töldu líkur á fara í nám á næstu tveimur árum. Mikill meirihluti þátttakenda, eða 82,4% taldi líkur á að sækja námskeið næsta árið.

Tafla 4. Líkur á að fara í nám eða sækja námskeið á næstunni

Líkur	Nám innan árs	Á næstu tveim árum	Námskeið næsta árið
Miklar	29,4%	32,4%	20,6%
Nokkrar	14,7%	23,5%	61,8%
Litlar	35,3%	29,4%	11,8%
Engar	17,6%	11,8%	2,9%

### Náms og starfsráðgjöf

Hjá Austurbrú er starfandi náms- og starfsráðgjafi og voru svarendur spurðir að því hversu líklegt væri að þeir myndu vilja nýta sér slíka þjónustu. Um þrjú fjórðu hlutar höfðu mikinn eða nokkurn áhuga á að nýta slíka þjónustu.




Mynd 3. Áhugi á náms- og starfsráðgjöf

Spurt var einnig um þekkingu þátttakenda á námsmatsmöguleikum svo sem raunfærnimati og því að fá vinnureynslu metna sem hluta náms sem og nám í frumgreinadeildum. En tæpur tveir þriðju allra þátttakenda eða 62% sagðist þekkja þá möguleika.

### Fyrirkomulag og kostnaður

Þátttakendur voru spurðir að því hvort og þá hversu miklu máli kostnaður við nám skipti þá ef þeir vildu fara í nám. Rúmlega 60% þátttakenda taldi kostnað skipta máli, þar af voru 38% sem töldu hann skipta miklu máli.



Mynd 4. Kostnaður

Hvað varðar fyrirkomulag, var spurt nokkurra spurninga og í því samhengi hvaða tími væri hentugri en annar til þess að sækja nám. Enginn munur var á því hvort þátttakendur vildu stunda nám á haust eða vorönn né á því hvort námið ætti að fara fram um kvöld eða helgar. Yfirgnæfandi meirihluti taldi hvað af þessu sem væri geta verið heppilegt. Þátttakendur skiptust hins vegar í tvennt varðandi það hvort þeir vildu stunda námið á dagvinnutíma eða utan hans ef sá möguleiki væri í boði að námið færi fram á dagvinnutíma. En 59% þátttakenda sagðist vilja stunda nám á dagvinnutíma.

### Námlegar hindranir eða aðrar hindranir

Spurt var um þær hindranir sem oft hafa verið nefndar þegar rætt er um brottfallna úr námi og ástæðu þess að ekki skuli fleiri ljúka skilgreindu lokaprófi af að minnsta kosti framhaldsskólastigi í hverjum árgangi. Þátttakendur sem langflestir til heyra þessum hópi voru spurðir að því hvort þeir glímdu við einhverja námsörðugleika, hvort áhugaleysi eða aðstæður væru hindrun eða hvort trú á eigin getu eða neikvæð fyrri reynsla af skólagöngu hefði áhrif á möguleika þeirra á því að leggja stund á einhvers konar nám á næstunni.

Tafla 4. Hindranir

Hindrun	Námsörðugleikar	Áhugaleysi	Lítill trú á eigin getu	Fyrri reynsla	Aðstæður
Mikil	11,8%	2,9%	2,9%	2,9%	32,4%
Nokkur	8,8%	11,8%	26,5%	23,5%	23,5%
Lítill	14,7%	23,5%	20,6%	14,7%	17,6%
Engin	64,7%	61,8%	50,0%	58,8%	26,5%

Niðurstaðan er sú að hvorki námsörðugleikar né áhugaleysi virðast hindra þátttakendur í að sækja sér menntun. Fyrri reynsla og lítil trú á eigin getu virðast heldur ekki skipta máli en aðeins fjórðungur svarenda nefnir þetta tvennt sem hindrun. Rúmur helmingur nefnir hins vegar aðstæður; en fáir tilgreindu þær frekar að öðru leyti en að vinnan væri tímafrek eða fjölskyldan.



## Niðurstaða og samantekt

Niðurstöður könnunarinnar gefa til kynna að hinn almenni verkamaður á Austurlandi sé karlmaður á fertugsaldri sem hafi unnið á sínum vinnustað í að minnsta kosti fimm ár. Að meðaltali hefur hann lokið 2-3 önnum í námi á framhaldsskólastigi.

Áhugi verkamannanna á því að fara í einhvers konar nám var töluvert mikill. Sérstaklega á styttri námsleiðum sem væru þá ein önn að hámarki. Af þeim áhugasviðum/námsleiðum sem kannað var með áhuga á, var mestur áhugi á vinnuvélanámi hverskonar. Rúmur helmingur sagðist hafa áhuga á tölvunámi eða tungumálanámi en svarendur nefndu ekki aðrar námsleiðir sérstaklega sem þeir hefðu áhuga á að sækja. Nám á framhaldsskólastigi hugnast tveimur þriðju hlutum hópsins enda er menntunarstig hópsins þannig að nám á framhaldsskólastigi virðist röksréttur kostur. Þriðjungur nefnir að þeir hefðu áhuga á að stunda nám á háskólastigi en nokkrir þeirra nefndu í því samhengi frumgreinadeildir sem byrjunarstað. Þekking þátttakenda á að fá starfsreynslu metna sem hluta af námi var til staðar hjá tæpum tveimur þriðju svo gera má ráð fyrir að þessir einstaklingar hafi eitthvað hugleitt að afla sér frekari menntunar. Yfir helmingur þátttakenda taldi líklegt að fara í eitthvað nám á næstu tveimur árum.

Áhugavert var að sjá að rúmlega 75% þátttakenda hafði áhuga á að nýta sér ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa. Þessir einstaklingar leita hins vegar ekki mikið eftir þjónustu ráðgjafa hjá Austurbrú svo ef til vill þarf að færa þeim ráðgjöfina á einhvern hátt þannig að hún verði aðgengilegri.

Þegar litið til þess hvað hindraði hópinn í að fara í nám var kannað hvort námsörðugleikar, takmörkuð trú að eigin getu eða neikvæð fyrri reynsla af námi hefði áhrif. Niðurstaðan var sú að þessir þættir hafa lítið með það að gera að hindra verkamenn á Austurlandi frá því að fara í nám. Hins vegar hafði kostnaður og aðstæður meira um það að segja en kostnaður skipti máli fyrir um 60% þeirra. Aðstæður skiptu einnig máli en rúmur helmingur nefndi þær sem hindrun og þar kom fram tímafrek vinna og fjölskylduaðstæður. Þátttakendur voru beðnir að meta hvenær væri hentugast að sækja nám; bæði var spurt um tíma dagsins/vikunnar sem og árstíma. Niðurstaðan var sú að 59% töldu að best væri að fá að stunda nám á dagvinnutíma en annars skipti ekki máli hvort það væri kvöld, helgar, haustönn eða vorönn.

Markmið könnunarinnar var að kanna betur stöðu og þarfir þess hóps sem skilar sér síst inn í námskeið og símenntunarleiðir hjá Austurbrú. Fyrirfram var vitað að þetta væri hópur sem almennt hefði litla formlega menntun að baki og væri að miklum meirihluta karlmenn. Niðurstöður könnunarinnar benda til að mikill áhugi sé á námi en eitthvað veldur því að hópurinn er ekki að skila sér í nám. Athugun á mögulegum hindrunum gaf ekki afgerandi niðurstöðu en vegna stuttrar skólagöngu án formlegra námsloka sem þannig telst til brottfalls úr skólakerfinu, var jafnvel búist við því að námsörðugleikar eða lítil trú á eigin getu til náms hefði jafnvel einhver áhrif til hrindrunar. Svo reyndist ekki vera. Áhugaleysi var ekki um að kenna né neikvæð fyrri reynsla af námi. Að töluverðu leyti er kostnaður fyrirstaða auk aðstæðna. Þessir tveir þættir þurfa að koma til frekari skoðunar.

## Næstu skref

Út frá niðurstöðum þessarar fyrstu könnunar á þörfum þessa hóps er ljóst að mikill áhugi er á námi en jafnframt er ljóst að ekki hefur tekist að mæta þörfum hópsins um námstilboð þar sem fáir skila sér í þau námskeið og símenntun sem í boði er.

Langflestir hafa unnið nokkuð lengi hjá sínum fyrirtækjum og því má álykta að verkamennirnir séu ekki ósáttir í starfi. Þeir hafa áhuga á stuttum námskeiðum og styttri námsleiðum, vilja ekki kosta miklu til og telja sig ekki búa við námslegar hindranir.

Frekar þarf að kanna í samvinnu við vinnuveitendur/fyrirtæki sem hafa marga starfsmenn í vinnu við almenna verkamannavinnu, hvernig koma má til móts við þennan hóp. Þar má meðal annars nefna kortlagningu og gerð fræðsluáætlana innan fyrirtækja í samvinnu við fræðslusvið Austurbrúar. Sum fyrirtæki hafa ófluga símenntunar og fræðsluáætlun innanhúss. Til að mynda var eitt fyrirtæki sem afþakkaði þátttöku í þessari könnun vegna þess að það taldi starfsmenn sína búa við næg símenntunartækifæri og hvatningu til að taka þátt í þeim. Önnur fyrirtæki hafa ekki neitt slíkt og undir starfsmönnum sjálfum komið að taka þátt í símenntun. Þannig var fyrirkomulagið hjá fyrirtækjunum í þessari könnun.

Huga þarf að náms- og starfsráðgjöf til þessa hóps en þar gefst enn betra tækifæri til að skilja hverjar fræðsluþarfirnar eru. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að mikill áhugi var á að nýta sér ráðgjöf en fáir úr þessum hópi leita hins vegar eftir henni. Kanna þarf með hvaða hætti er hægt að nálgast þessa einstaklinga til að mynda með samvinnu við fyrirtæki/vinnuveitendur.

Eitt enn þarf að hafa í huga og það er tímasetning námskeiða en flestum hugnast að sækja námskeið í vinnutíma sínum. Þó virðist tímasetning ekki vera aðalatriði en hafa má í huga að sumt nám fyrir ófaglærða er kennt á dagvinnutíma og fá starfsmenn sem hafa til þess unnið, afslátt af vinnuframlagi sínu í staðinn og eiga þar með frí um helgar og kvöld.

Næsta skref væri því að koma á fót tilraunaverkefni fræðslusviðs í samstarfi við fyrirtæki sem hefur nokkurn fjölda ófaglærðra starfsmanna við verkamanna vinnu og reyna einhver þau úrræði sem talin hafa verið upp hér að ofan. Kortlagningu, fræðsluáætlun, námsráðgjöf og mati á þörfum.

## Viðauki - Símakönnun - spurningalisti - svarlykill

- Bjóða þátttökuverðlaun: 5 stk af 10 þús kr. gjafabréf

	Bakgrunns....	Annað	1	2	3	4	5
1	Kyn		Karl	kona			
2	Aldur	Fæðár					
3	Starfsaldur		>6 mán	6m-1ár	1-2 ár	2-5 ár	5ár +
	Menntun						
4a	• Önnum lokið á framhaldsstigi e. grunnskóla		1	2	3	4	5+
4b	• Einingum á framhaldsskólastigi lokið		0-30	31-60	61-90	91+	útskr
4c	• Námskeiðum lokið	Skrifa					

	Áhugi	Annað	1	2	3	4
5	Áhugi fyrir námi (hverslags sem er)		mikill	nokkur	lítill	enginn
	<b>Námsleiðir/fyrirkomulag (,enginn áhugi' þarf ekki að svara)</b>					
6	Áhugi fyrir stuttum námskeið eða námsleiðum		mikill	nokkur	lítill	enginn
6a	• vinnuvélanám		mikill	nokkur	lítill	enginn
6b	• tungumálanám		mikill	nokkur	lítill	enginn
6c	• handverksnám		mikill	nokkur	lítill	enginn
6d	• tölvunám		mikill	nokkur	lítill	enginn
6e	• sjálfsstyrkingarnámskeið		mikill	nokkur	lítill	enginn
6f	• annað, skrifa aths ef við á					
7	Áhugi fyrir lengri námsleiðum		mikill	nokkur	lítill	enginn
7a	• fjar/nám á framhaldsskólastigi		mikill	nokkur	lítill	enginn
7b	• fjar/nám á háskólastigi		mikill	nokkur	lítill	enginn
	Líkur á að fara í formlegt nám á framhalds- eða háskólastigi					
8a	▪ á næstu 6-12 mánuðum		miklar	nokkrar	litlar	engar
8b	▪ á næstu 2 árum		miklar	nokkrar	litlar	engar
	Líkur á að sækja námskeið af einhverju tagi					
9	• á næstu 6-12 mánuðum		miklar	nokkrar	litlar	engar

	Námsráðgjöf og námsmatsmöguleikar	Annað	1	2	3	4
10	Áhugi á að fá ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa s.s. áhugasviðspróf		mikinn	nokkurn	lítinn	engan
11	Þekkir þú möguleika á að fá starfsreynslu metna sem hluta af starfsnámi s.s. raunfærnimat, frumgreinadeildir o.þ.h.	Skrifa aths	Já	nei		

	Fyrirkomulag og kostnaður (skrifa aths ef við á)	Annað	1	2	3	4
12	Skiptir kostnaður máli?		miklu	nokkru	litlu	engu
	Hentugur tími til að sækja nám					
13a	• utan dagvinnutíma; kvöld/helgar		kvöld	helgar	Bæði	nei
13b	• á dagvinnutíma		já	nei		
13c	• árstími		haust	vor	bæði	nei

	Námslegar hindranir – kemur eitthvað af eftirtöldu í veg fyrir að þú farir í nám (skrifa aths ef við á)	Annað	1	2	3	4
14a	námsörðugleikar s.s. lesblinda, adhd		mikið	Nokkuð	Lítið	Ekki
14b	áhugaleysi		mikið	Nokkuð	Lítið	Ekki
14c	lítil trú á eigin getu til náms		mikið	Nokkuð	Lítið	Ekki
14d	fyrri námsreynsla		mikið	Nokkuð	Lítið	Ekki
14e	aðstæður		mikið	Nokkuð	Lítið	Ekki